

Fáein minningarorð.



GUDRUN HELGADÓTTIR, HJALMAR ARNASON

"Áfram sí og æ vér höldum
Áfram stanslaust hulda sloð
Hafs að dauða djúpum öldum
Deyr þar allra fossa hljóð".

Svo kvað Jón skáld Ólafsson
er hann sat og horfði hugfanginn
á hinar trólslegu hamfarir
Níagarafossins, er hann í
vígumóði hamaðist með fullum
lífskrafti og fjöri, fram af
berginu. Og mér detta þessar
fallegu hendingar í hug, er
eg hugsa um lífið, sem alt
stefnir að sama marki, dauðans
hafi. Yfir haf dimmu og
dauða er leiðin að björtum og
sólfrógrum ströndum eilífðarinnar.

Á árinu, sem nú er liðið og
horfið í aldanna skaut, hefir
æfísól þessara góðu hjóna
gengið til víðar, höndin er
stirnuð og tungan er þögnuð og
brosið er horfið, en minningin
lifir. Þau voru bæði fædd á
Íslandi norðanverðu, spröttin
upp úr sömu moldinni, uxu upp
í sama umhverfinu, teigðu að
sér sama hreina fjallalöftið,
töku höndum saman í kærleika
og leiddust í gegnum lífið
í frið og einingu og samferða
sigluðu þau út á dauðans
haf, út í kyrrðina eilífu, eins og
blóm tvö er vaxa saman, brosa
saman allan æfisdaginn og
teygja kollana móti himinsins
sól; en er frostnöttin fyrsta
kemur, halla sér hvert í annars
faðm, teygja höfuð sitt og
deyja saman. Það er yndið,
gleði og fegurð lífsins.

En lífið lifur skjótt, og þegar
lítið er til baka, þá er það
eins og næturvaka, það lifur
eins og straumur og senn
blasir eilífðar hafið við. Vinirnir
sem vér þekktum í æsku,
berast hver af öðrum á bárum
tímans út á djúpið mikla og
hverfa.

"Áfram skært í leiftrum
ljómar, logum skráð umi
hnatta braut, áfram lífsins lög-
mál hljómar, ljúðurhelt í sæld
og þraut". Þessi góðu hjón og
göfugu eru búin að af ljúka
sínu dagsverki, og þakka fyrir
samleiðina, ljóseisilana, endur-
minningarnar.

Gudrun Helgadóttir var fædd
að Grísarí í Hrafnagilshreppi á
Íslandi, 11. maí 1865; hún dó 27.
janúar 1923 að Framnes P. O.
Man., hennar mintist eg með
fáum orðum í Lögbergi á síð-
ast líðnum vetri; hans langar
mig að minnast með nokkrum
orðum.

Hjálmar Arnason var fæddur
að Hofi í Goðdalasókn í Skaga-
fjarðarsýslu, 10. apríl 1860.
Faðir hans var Árni Þorsteins-
son frá Stokkahlöðum albróðir
Dómhildar konu Ólafs Briem,
alkunn merkishjón, en móðir
hans og kona Árna, var Ingi-
björg Sigurðardóttir, systir
hennar var Helga Sigurðar-
dóttir er bjó á Hryggjum í
Gönguskörðum og Sæunn kona
Jónasar Leo, er lengi bjó í Sel-
kirk, Man., en móðir séra
Hjartar Leo, skólastjóra Jóns
Bjarnasonar skóla. Foreldra
sína misti Hjálmar ungur; ólst
hann upp um nokkur ár hjá
Helgu-móðursystur sinni, sem
áður var nefnd, en fór þaðan
að Kristnesi í Eyjafróði, og var
um hrið hjá Helga Hallgríms-
syni er þar bjó og seinna varð

tengdafaðir hans. Frá Krist-
nesi fór Hjálmar heitinn til Ísa-
fjarðar með herra Teiti Thom-
as gullsmið er síðar fluttist
vestur um haf og nam hjá hon-
um um tíma gullsmíði. Þaðan
fór hann með síldarflutnings-
skipi til Noregs með þeim á-
setningi, að fullnema sig í iðn
sinni, en sökum fjárskorts gat
hann ekki haldið áfram þeim
lærðómi, en á meðan hann var
í Noregi lærði hann beikisíðn.
Eftir að hann kom heim til Ís-
lands aftur, vann hann hjá
Gránufélaginu um tíma og
nokkuð hjá Norðmönnum við
iðn sína, bæði á Hjalteyrri og í
Hrísey. 1887 giftist hann og
ári seinna flutti hann vestur um
haf, var fyrsta árið að Gimli, eða
þar í grend, fór þaðan til Sel-
kirk og byrjaði þar á verzlun
í félagi við mág sinn, Jón Sigurð-
son Jónssonar frá Hvalsá í
Hrítafirði, er nokkrum árum
seinna dó í Glenboro.

Ekki var hann lengi við verzlun,
en fluttist til Winnipeg og
var um stund hjá Blackwood
sem beikir. Árið 1892 kom
hann til Glenboro og nam land
í Hólabýggðinni norðaustan frá
Glenboro og bjó þar nokkur ár.
Það land var ekki frjósamt,
svo hann lét það aftur ganga
til baka til stjórnaðinnar, og
nam land í dalverpinu við Ass-
inaboia ána árið 1899, var það
gott land en mikið skógi vaxið
og erfitt til ræktunar, bygði
hann sér þar gott heimili á
frumbyltingsvísu og ruddi landið
og breytti í akur, og þó bú-
skapurinn ekki væri í stórum
stíli, þá komst hann yfir nokk-
ur efni og varð vel sjálfstæður,
og hygg eg á meðan hann
dvaldi þarna við ána, hafi verið
blómatið æfi hans.

Við búskapinn var hann ið-
inn atorkusamur og forsjáll og
hagur til allra verka. Árið 1912
seldi hann bújörð sína við ána
og keypti stærri jörð 5 mílur
austur frá Glenboro, en það
sama ár bílaði heilsan og hann
var ekki til verka fær úr því.
Hafði hann mikinn kostnað við
að halda áfram búskapnum þar;
hann gat sjálfur ekkert
unnið. Stóð Luðvík Hólm
tengdasonur hans fyrir búinu
eftir það með miklum dugnaði.
Árið 1919 seldi Hjálmar
heitinn þessi lönd sín í skiftum
fyrir lönd að Framnes P. O. og
fluttist þangað og bjó þar til
dauðadags, sem bar að þann
19. dag júní mánaðar s. l.

Hjálmar heitinn Arnason var
lítil maður vexti, bjartur yfir-
litum með hreinan svip, glað-
lyndur og bjartsýnn, hann leit
nokkuð réttum augum á lífið,
og skapaði sér aldrei ímyndaða
harma, hann gat verið hvass-
ýrtur stundum og opinskár, og
hjálg hann þá beint framan að
manni, hann hjó aldrei í bakkið.
Norðurlandabliðið í æðum
hans var heilbriggt.

Frjálslýndur maður var hann
bæði í stjórnmálum og trúmál-
um, hann vildi enga fjötra og
engar hrellingar, hann vildi að
allir væru frjálsir, menn og
málleysingjar; hann var meiri
vinur málleysingjanna, en al-
mennt gerist, að fara vel með
skepnurnar var ein æðsta
greinin í trúarbrögðum hans.
Séra Rögnvaldur Pétursson í

Ferðalýsingu sinni 1914, minn-
ist Hannesar Hafsteins á þessa
leið: "Hafsteinn ráðherra er á-
valt og hvar sem hann er staddur,
mikill fyrir manni, og glæs-
menni, en beztur heima.
Er það einkenni flestra mikil-
menna og vottur allrar sannr-
ar mikilmensku". Þetta er
fallega sagt og er sannleikur,
sá maður er ekki mikill, sem
ekki er mikill á heimilinu.
Hjálmar heitinn var fyrirmynd-
armaður á heimili, og heimilið
fyrirmyndarheimili, tæplega er
hægt að hugsa sér innlegra
samkomulag milli hjóna, milli
foreldra og barna, þar skein
sölin inn í bæinn, þar var hreint
andrémsloft, þar var friðarandi,
og voru þau hjón samvalin og
einstök í sinni röð. Gestrisin
voru þar og öllum leið vel sem
hjá þeim dvöldu, því áhrifin voru
uppbyggjandi og göfgandi. Eg
á marga glaða stund frá heim-
ili þeirra, sem fyrnist ekki þótt
árin lífi.

Hjó langa veikindastríð bar
Hjálmar með þreki og stillingu.
Átti hann samt því líni að
fagna, að njóta hinna alúðar-
beztu og nærgætnustu að-
hlynnningar, en 11 ár löng
fyrir þann, sem bundinn er
bóndum sjúkdóms og þjáninga.

Systkini Hjálmars, sem mér er
kunnugt um, eru: Árni, bóndi
í Vatnabyggðinni í Saskatchewan;
Sigríður, gift Friðriki Abra-
hamssyni í sömu byggð og Ing-
ólfr (hálfbróðir) í Cypress
River, Man. Dætur tvær syrgja
góða foreldra: Ida, gift Guðjóni
Abrahamssyni og Fanney, gift
Luðvík Hólmi; báðar báðar á
eignarvörð foreldraanna að Fram-
nes P. O. Man., þar sem bók-
inni var seinast lokað.

Við jarðarför Hjálmars voru
þessir prestar: séra Jóhann
Bjarnason í Árborg og frændi
hins létta, séra Hjörtur Leo.

Frjálslyndi, sem lýsti þessu
um hjónum í gegnum lífið, lýsir
þeim á sölfgrum ströndum ei-
lífðarinnar.

G. J. Oleson.

"Orð í belg".

Eg hafði ætlað mér að láta
afskriftalausar deilir þær, sem
hafist hafa milli þeirra ritsgjöra
"Lögberg" og séra Rögnvaldar
Péturssonar. En þegar eg sé,
að hinn fyrnefndi kastar skarni
að leiði "Voraldar" sem dó í
heilarlegri fátækt og hreinni
æsku, þegar "Lögberg" lifði að
nafninu til, en lá í kór, þá tel eg
mér ósamboðið að þegja.

Jón lýsir því yfir, að það sé
lygaþvætingur úr "Voröld" að
"Lögberg" eða fylgi þess hafi
verið selt 1917; það er að segja
að það hafi sviðið stefnu sína,
flokki sinn og foringja fyrir
hagsumni. Þess skal þannig
svarað, að Jón J. Blöfelli
stefndi "Voröld" og mér per-
sonulega fyrir þessu ummáli.
Og til þess að vera eins vel bú-
inn á vígvöllinn og fasteigna-
sala sémidi, fór hann þess á
leit, að þegar málið kæmi fyrir
rétt, þá væru í kvíðadóminn
aðeins valdir peningavíxlara, og
fasteignarþrangar og aðrir
kauphöfðar. Svo var hann
hræddur, að hann þorði ekki
(ef til kæmi) að eiga það á
hættu, að kvíðadóminn skipuðu
alþýðumenn upp og niður. Og
alt til þessa dags hefir hann
ekki (í 5 ár) þorað að halda á-
fram með málið, þrátt fyrir
margtírekaðar ógranir, sem hér
með eru endurteknar. Munu
fléstr líta svo á, að hann hefði
haldið málinu áfram og reynt
að fá ummálin dæmd dauð og
ómerk, hefði hann ekki vítað,
að "Voröld" fór með sannleika.
Sannast þar hið fornkefna,
að "veit hundur hvað étir hef-
ur". Vilji hann bígja um ó-
hindraða og fullkomna rann-
sókn í málinu, mun margt verða
í ljós leitt frá 1917, sem enn er
í myrkum hulið.

Fyrst eg var á annað borð
neyðdúur til þess, að leggja orð
í belg, þá verð eg að lýsa
gremju minni yfir því niði, sem
"Lögberg" hefir flutt um Ísland
og bræður vora heima; á það
síst við af Jóni Blöfelli, sem
erir öfufur árua egra.
Vestur-Íslendinga á að flytja
heðan til Íslands aftur, eins og
þeir geta séð, sem lesið hafa
"Lögberg". En mætti eg
spyrja? Ef það var goðgá af
Agústi H. Bjarnasyni að minn-
ast á þrælalíf hér, hvað segir
þá Jón Blöfelli um sjálfa bænd-
urna í Vestur-Canada, sem dag-
lega skrifa í ensku blöðin og
lýsa því þar yfir sjálfir, að þeir
líti þrælalífi? Einn seldi 40
pund af ull og fékk afgangs af
sölu og flutningsgjaldi 13 cents
fyrir það alt; annar seldi sjö
kúr og fékk einn dollar og 17
cents fyrir hverja; sá þriðji
seldi 100 pund af fuglakjöti og
fékk einn dollar fyrir það alt,
að frádregnum kostnaði o. s.
frv. Einn skrifar bréf með fyr-
irsögninni: "Working like slave
and getting nothing for it".
Annar skrifar með fyrirsögn-
inni: "Slaughtering under the Bur-
den of taxation". Hvers vegna
tekur ekki "Lögberg" þessa
menn til bænna?

Þá langar mig að minnast á
pólitisku trúarjátninguna, sem
"Lögberg" birti. Í sambandi
við hana skal geta þess, að þeir
voru ekki trúastir Íslendingar
heima, sem mestar voru Dana-
sleikjurnar, Jón Ólafsson hefir
lýst þeim vel. Þeir eru heldur
ekki trúastir Canadamenn hér,
sem mestar eru Englandsleik-
jurnar. Orðin hans Jóns
Ólafssonar eiga vel við þá með
lítlum breytingum.

Saurkastíð á Steph. G. skað-
an hann ekki. Um það fer eins
og óþverrann, sem kastað var
að hinum mætasta manni Ís-
lands Hannesi Hafsteini, þegar
allir Vesturheimskir Hródesar
og Pílatasar tóku saman hönd-
um hér um árið, til þess að
rægja hann og sviðirða. Hvern-
ig skyldi annars standa á því,
að maðurinn, sem bezt beitti
sér fyrir sömu stefnu og Steph.
G. á stríðsárunum, í Winnipeg,
er nú borgarstjóri þar, endur-
kossinn í haust með miklu fleiri
atkvæðum en dæmi eru til í
sögu bæjarins? Og hvernig
ætti standi á því, að maðurinn
sem öruggast barðist fyrir
sömu stefnu á Englandi, er nú
þar orðinn forsætisráðherra.
Það er að sjá, að Steph. standi
ekki einn uppi með stefnu
sína, þó Jón Blöfelli sé henni
andstæður. Annars glóir gull-
ið í "Vígslóða" gegn um allan
saur, sem að honum er kastað.

Sig. Júl. Jóhannesson.

Séra Páll í
Laugartroginu

Með "Lögberg" (6. marz) sendi
séra Páll Sigurðsson oss
kveðu sína frá Rvík. Kveðjuna
nefnir hann "Hreinleiki Únfí-
lara Trúboðans", og leikur á
lausu með hinar fyrri stað-
hæfingar sínar, vill nú við fæst-
ar þeirra kannast. Segir hann
það ekki hafi verið tilgangur
sinn með árásgreininni í
"Lögberg" 13. sept. í haust, að ó-
frægja séra Friðrik Friðriks-
son á Wynyard. Þá hafi hann
eigi heldur ráðist á frjálslynda
kirkjufélagið eða Únfílara, því
þeim hafi hann ekki haft löng-
un til að niðra! Hver efast um
það. Grein hans bar svo sem
ekkert af þessu með sér. Það
hefir víst átt að vera séra Frið-
riki til hróss að bera á hann ó-
einlegni og svik við menn og
málefni. Og sjálfsagt hafa það
átt að vera meðmæli við Sam-
einaða Kirkjufélagið, að það
væri grundvallar á skoðana-
leysi, eins og hann víðist gefa
í skýr: Löngunarleysi hans að
niðra Únfíðrum er alknunugt,
þó ekki sé nema frá fundinum
veturinn 1920. Mikil fírást
hann yfir "óhreinleika Únfílara

trúboðans", að hafa farið að
róta við tilgangi sínum með
þessari ritgerð, og er á honum
að heyra, að hann kunni oss
engna þökk fyrir það.

Nokkur atriði tilfærnir hann,
er hann segir að vér höfum
rangfært fyrir sér, en eigi fá-
um vér séð, að þessar nýju
skýringar hans breyti því, sem
vér höfum sagt.

Hann segist ekki ófrægja
séra Fr. Fr. heldur áfella hann
fyrir, "að hann sem lút, prestur,
vígður af biskup hinna lút,
þjóðkirkju Íslands til lúterskra
safnaða vestan hafs, skuli
taka undir með þeim, sem á-
lita Kirkjufél. svo rotíð, að þar
sé ekki samræmis að leita við
hina lút, þjóðkirkju Íslands, og
því sé naðugur, einn kostur,
að stofna nýtt kirkjufél." En í
hverju er ófrægning falin, ef ekki
enmitt í því, að áfella mann
fyrir að vera hreinskilinn fyrir
að meta sannfæringuna meira
en vináttuloforð, fyrir það að
segja satt og fyrir að víður-
kenna afstöðu safnaða sinna,
er hann kemur til að þjóna,
safnaða er áreiðanlega voru
sannfærðir um að samræmis
væri ekki að leita fyrir frjálsar
trúarskoðanir við Kirkjufélagið.
Það var reynslan búin að ýna
og sanna. Og hvað sem séra
Páll vill rugla um það, þá er það
löngu sýnt og sannað, að lút,
Kirkjufélagið hefir enga samleið
átt með kirkjunni á Íslandi.
Það notar ekki sömu helgisíða-
reglur ekki sömu sálmaðók, og
víða nú orðið ekki sömu tungu,
heldur flytur boðskap sinn á
enskrí tungu. Séra Friðr. J.
Bergmann sagði, að það mætti
ekki einu sinni nota sömu biblí-
una. Og allir vita, að annar
andi drottinn innan þess fé-
lagskapar en í þjóðkirkju Ís-
lands. Hefir ekki Kirkjufélagið
rekið fólk í hópum burt úr
öllu samfélagi við sig eða flæmt
burtu fyrir það, að það
hafði hugbóð um sanngjarnari
trúarskoðanir, en hinir svokölli-
ðu forkölfar félagsins hafa
viljað víðurkenna. Söfnuðir
séra Páls, og Sask. söfnuðirnir
eru áreiðanlega vitni þess.
Fjöldi kenninganna sinna hef-
ir það leikið eins, og þar þeim
þó ekki öllum stórt á milli í skoð-
unum við það. Tala þeirra er
orðin há, og skulum vér nefna
þá, séra Páli til fróðleiks, því
hann mun náumast hafa verið
kominn úr Bolungarvík, þegar
öfsóknin var hafin á þá fyrstu.
Fyrstur er séra Magnús J.
Skaptason rekinn fyrir það, að
hann neitaði fordæmingarlær-
dómnum. Var hann um langt
skeið lagður í einelti og of-
sóktur fyrir skoðanir sínar. Þá
er séra Hafsteinn Pétursson, er
stofnaði Tjaldbúðarsöfnuð, rek-
inn fyrir að hann neitaði að
kúga hinn nýstofnaða söfnuð
sinn, til að ganga inn í Kirkju-
félagið. Var honum borið á
brýn, bæði í ræðu og riti, að
hann væri ekki með öllum
mjalla. Þá séra Jón J. Klemens,
rekinn fyrir það eitt, að virtist
og eigi annað, að hann þótti
of friður og föngulegur maður
til að þjóna söfnuðinum í
Argyle. Annað varð eigi að
honum fundið. Þá séra Oddur
V. Gíslason, rekinn fyrir kukl,
fyrir það, að hann hallaðist að
því, sem á ensku máli er nefnt
"mental healing". Þá séra
Friðrik J. Bergmann rekinn fyr-
ir þá sök, að hann vildi að tekn-
ar væri til greina niðurstöður
söguannsóknanna á sviðum
trúarlærdóma kirkjunnar, er
altáðar var sjálfsagt talið nema
í Synodunum lútersku hér í
Ameríku og í Kirkjufélaginu.
Þá séra Rúnólfur Fjeldsted, rek-
inn fyrir það, að hann fór til
Harvard háskólans og las þar
tungumál um tíma. Þá séra Carl
J. Olson, rekinn fyrir það, að
hann vefngið hina efnislegu
skoðun trúkreddulærdómsins á
altarissakramentinu. Öfsókn,
þróngsýni, kúgunargirni hefir
auðkennt þenna anda er yfir fé-
laginu drottinnar.

RICH IN VITAMINES



MAKE PERFECT BREAD

Kannske séra Páll vilji nú
segja oss hvað mörgrum kenni-
mönnum að þjóðkirkju Íslands
hefir víkið úr sinni þjónustu
fyrir vantrú, á þessu sama
tímabili eða frá árinu 1890?
Fróðlegt væri það til saman-
burðar og mætti þá sjá, að hve
miku leyti "Kirkjufél. sam-
rýmðist ísl. þjóðkirkjunni. Þar
hafa þó komið upp sömu skoð-
anirnar sem hér og fengið þar
meðhald hjá bæði leikum og
lærdum. Hefir ekki séra Har-
aldur Nielsson verið hafður sí-
felt að skotsþæni í ritum og
ræðum Kfél. prestanna hér?
Jón biskup Helgason, um langt
skeið, og þeir séra Matth. og
Valdimar Briem orðið fyrir að-
köstum. Líta barnaljóða kver
séra Valdimars þótti háskalegt
sökum þess, að þá kandi alls-
herjar fyrirgefningu, þ. e. hafn-
aði útskýfunarlærdómnum. Sr.
Páll í Glaumverjabæ var brenni-
merktur sem vantrúarmaður, og
jafnvel séra Þórhallur bisk-
up.

Þrátt fyrir þetta, læst séra
Páll vera að halda því fram
í fullri alvöru, að Kirkjufél.
standi á sama grundvelli og
þjóðkirkjan á Íslandi. Oss er ó-
skiljanlegt, að hann haldi að
nokkur vilji trúá því. En til
hvers er hann þá að því? Það er
naumast mögulegt að finna
aðrar ástæður, en þær, að hann
geri þetta af þægð og undir-
gefni við þá, sem yfirráð hafa
fengið yfir honum, og álíta, að
þetta kunni að narra einhverja
inn í félagskapinn með sér.

Öll aðdáunarorðin yfir
vígslufyrirburðum sínum tekur
hann nú til baka, og segist
vona, að vér höldum sig ekki
svo "grænan" að hann álíti, að
engir séu prestar nema bisk-
upsvígslu hafi þegið: "suc-
cessio apostolica" sé bull, og
"hið aldimna prestsdæmi" góð
og gild, lútersk kenning.

Afskipti sín af Tjaldbúðar-
málinu sæla vill hann nú gera
sem minst. Jafnvel honum er
farið að skiljast, að uppúr
framkomu Kirkjufél. í því máli
sé eigi mikillar sémðar að
vænta. En frá fundinum í
River Park vorio 1918 skýrir
hann þó enn skakt, er hann
gefur til kynna, að öll nefnd
Tjaldbúðarsafnaðar hafi verið
þar á ráðstefnu við Kirkjufél.
forkölfana og hann sjálfan, því
svo var ekki. Það vill svo vel
til að skrifað blað fanst um
fund þennan, með hendi eins
nefndarmannsins, í fundarbók
safnaðarins, er skýrir frá hverji-
ri þar voru, og að þetta var
leynifundur, og haldin án vit-
undar safnaðarins. Óheimilis
jatar hann nú, að tilrýmku-
in innan Kirkjufél. á síðasta
ári hafi verið lítil, og um það
megi deila hvort orðatilgækið
sé ákveðnara, "að víðurkenna"
eða "aðhyllast". En munur
finst honum samt á því, að
skrifa undir það, "að hann við-
urkenni allar játningarnar sem
réttta framsetningu og útskýr-
ingu guðs heilaga orðs", eða
"að hann aðhyllist þær sem
réttta framsetningu og útskýr-
ingu guðs heilaga orðs". Í
hverju munurinn sé á "élginn"
segir hann ekki, og má því
ætla að hann sé þar á vora máli
að munurinn sé á að síðara
orðalagið sé sterkara hinu.

Ekki vill hann álíta, að það